
Starfsáætlun

Félagsmiðstöðin Igló

Sigurður Pálmarsson
sigurdurp@kopavogu.is

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026



1. Hagnýtar upplýsingar

Igló er opin fyrir nemendur í 8. – 10. bekk alla virka daga og fyrir 5. – 7. Bekk 1-2 í mánuði. Félagsmiðstöðin er staðsett í húsnæði Snælandsskóla v. Víðigrund. Opnunartímar eru: Mánudaga og miðvikudaga kl. 17:00-22:00 og auk þessu eru dagopnanir þessa daga. Opið er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:30-16:00 og annan hvern föstudag frá 12:30-16:00 og 20:00-23:00. Sími í Igló er 441 4230 / 696 1621 og netfang er sigurdurp@kopavogur.is

2. Félagsmiðstöðvadaatal

Sameiginlegt viðburðadagatal félagsmiðstöðvanna er tilbúið á vorönn hvers árs og unnið af forstöðumönnum og deildarstjóra frístundadeildar. Tekið er mið af tillögum félagsmiðstöðvaráða og hlutastarfsfólks við gerð dagatalsins.

Orkuhrólf			Stöðing			Skiðstöðugg saman											
AGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAI	JUNI							
1. S	1. M	1. F	1. M	1. M	1. L	1. S	1. S	1. S	1. S	1. S	1. S						
2. M	2. F	2. L	2. F	2. F	2. S	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M						
3. F	3. L	3. S	3. M	3. M	3. M	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F						
4. M	4. L	4. M	4. F	4. F	4. S	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M						
5. F	5. S	5. L	5. M	5. M	5. M	5. F	5. F	5. F	5. F	5. F	5. F						
6. M	6. L	6. S	6. M	6. M	6. M	6. F	6. F	6. F	6. F	6. F	6. F						
7. L	7. M	7. F	7. S	7. S	7. S	7. M	7. M	7. M	7. M	7. M	7. M						
8. S	8. M	8. F	8. L	8. L	8. L	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S	8. S						
9. M	9. F	9. L	9. M	9. M	9. M	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F						
10. L	10. M	10. F	10. S	10. S	10. S	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M						
11. M	11. L	11. S	11. M	11. M	11. M	11. F	11. F	11. F	11. F	11. F	11. F						
12. F	12. L	12. M	12. F	12. F	12. F	12. S	12. S	12. S	12. S	12. S	12. S						
13. F	13. M	13. M	13. L	13. L	13. L	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M						
14. L	14. M	14. F	14. S	14. S	14. S	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M						
15. S	15. L	15. M	15. F	15. F	15. F	15. S	15. S	15. S	15. S	15. S	15. S						
16. M	16. F	16. L	16. M	16. M	16. M	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F						
17. L	17. M	17. F	17. S	17. S	17. S	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M						
18. M	18. L	18. M	18. F	18. F	18. F	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S	18. S						
19. F	19. S	19. L	19. M	19. M	19. M	19. F	19. F	19. F	19. F	19. F	19. F						
20. F	20. M	20. M	20. L	20. L	20. L	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M						
21. L	21. M	21. F	21. S	21. S	21. S	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M						
22. S	22. L	22. M	22. F	22. F	22. F	22. S	22. S	22. S	22. S	22. S	22. S						
23. M	23. F	23. L	23. M	23. M	23. M	23. F	23. F	23. F	23. F	23. F	23. F						
24. L	24. M	24. F	24. S	24. S	24. S	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M						
25. M	25. L	25. M	25. F	25. F	25. F	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S	25. S						
26. F	26. S	26. L	26. M	26. M	26. M	26. F	26. F	26. F	26. F	26. F	26. F						
27. F	27. M	27. F	27. S	27. S	27. S	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M						
28. L	28. M	28. F	28. S	28. S	28. S	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M						
29. S	29. L	29. M	29. F	29. F	29. F	29. S	29. S	29. S	29. S	29. S	29. S						
30. M	30. F	30. L	30. M	30. M	30. M	30. F	30. F	30. F	30. F	30. F	30. F						
31. L	31. M	31. F	31. S	31. S	31. S	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M						

3. Starfið í vetur

Í starfinu er lögð áhersla á jafnrétti, sjálfstæði og fjölbreytileika. Reynt er að sníða dagskrá þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Ýmiskonar hópefli og klúbbastarf er í boði á kvöldopnunum. Einstaklingar sem eru e.t.v. félagslega einangraðir eru hvattir til að mæta í félagsmiðstöðina af starfsfólki. Opið er á skrifstofu Igló alla daga frá hádegi þegar forstöðumaður er á staðnum. Eins er opið í stærra rými félagsmiðstöðvarinnar þegar fleira starfsfólk er við vinnu. Félagsmiðstöðin á í samskiptum við skólann og starfsfólk hans varðandi ýmis mál, s.s. viðburði eða einstaka mál nemenda. Skólinn er með afnot af húsnæði félagsmiðstöðvarinnar fyrir m.a. hljóðfæranám og valgreinar. Reglulegir fundir eru bæði með námsráðgjafa og skólastjórnendum. Ritari skólans aðstoðar einnig félagsmiðstöðina t.d. við samskipti við forráðamenn nemenda þegar senda þarf í gegnum Mentor.

Viðburðir í vetur

Hjá Igló er skipulögð dagskrá á hverri kvöldopnun t.d. ferðir, hópefli, mót, ofl. Klúbbastarf á fyrri hluta kvöldopnunar. Klúbbastarf er flest allt á fyrri kvöldopnunum kl. 17:00-18:30. Oft sér einn starfsmaður um skipulagningu og framkvæmd og hinir taka svo þátt. Félagsmiðstöðvarnar sjá unglingum fyrir fræðslu á forvarnaviku í október. Igló býður upp á aðkeyptar fræðslu ef fjárhagur leyfir. Eins byggist

starfið mikið á óformlegri fræðslu frá starfsfólki Igló. Igló skipuleggur m.a. jólaball og árshátíð ásamt nemendaráði. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva eru m.a. sameiginleg böll, stuttmyndakeppni, Getkó, íþróttaleikar, lan-mót, sköpunardagur, söngkeppni, skíðaferð og félagsmiðstöðvahátíð.

4. Hópastarf

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmið eru höfð að leiðarljósi í starfinu. Með því að taka þátt í réttindaskóla-verkefni UNICEF er félagsmiðstöðin með ýmis mál í skoðun hvað varðar bætur í félagsmiðstöðinni út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ofarlega á lista hafa verið bætur hvað varða umhverfismál. Aðgengi er annað sem þarf að skoða. Markmiðin eru sýnileg í félagsmiðstöðinni og hægt að tengja þau hópastarfi. Hópastarf er að mestu leyti opið öllum áhugasömum.

Allt óformlegt nám sem unglingarnir hljóta í félagsmiðstöðinni miðast út frá að því að móta jákvæð samskipti. Þar má nefna sérstök samtöl við starfsfólk, klúbba, ofl. Eins er ýmis konar fræðsla s.s. Sjúk ást sniðin að þessu markmiði, þar sem tekin eru fyrir góð og slæm samskipti í samböndum. Verkefni sem vinna gegn félagslegri einangrun eru m.a. klúbbastarf sem snýr að áhugamálum tengdum ákveðnum hópum, svo sem klúbbar með hlutverkaspil, tölvuleiki, ofl. Lan-mót er gott dæmi um þetta. Samstarf og samtöl við kennara er gott og gegnum það eru nemendur hvattir til að mæta í félagsmiðstöðina. Unglingar sem hafa annað móðurmál en íslensku mæta vel á almennar opnanir í félagsmiðstöðinni.

Í sumarstarfi félagsmiðstöðvarinnar eru góð tækifæri til frekara sértæks hópastarfs í samstarfi með Vinnuskóla Kópavogs. Þar er möguleiki á að efla unglinga sem annars myndu t.d. vera heima eða sæktu félagsmiðstöð í litlum mæli. Geta má þess að þar sem unglingar sinna öðru á sumrin en á veturna er reynslan sú að ný andlit fara að sjást í félagsmiðstöðinni á almennum opnunum.

5. Unglingaráð

Félagsmiðstöðvaráð Igló er opið ráð þar sem allir geta skráð sig. Ráðið hittist einu sinni í viku eftir skóla og skipuleggur saman viðburði félagsmiðstöðvarinnar. Fulltrúar Igló sitja einnig í Félkó-ráði félagsmiðstöðvanna og Ungmennaráði Kópavogsbæjar.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar eru látnir vita um helstu viðburði í gegnum Mentor. Eins er prentvæn dagskrá félagsmiðstöðvarinnar sett á heimasíðu Igló mánaðarlega svo allir séu vel upplýstir. Fundur er haldinn með foreldrafélagi og fulltrúa foreldraröls.

7. Verkferlar

- Neyðaráætlun
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- Öryggisgátlisti
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku, gátlisti í að vinna með félagslega einangruðum sem og sporna gegn einelti
Gátlistar unnir af starfsfólki félagsmiðstöðva og aðgengilegir á sameign.
- Handbók um starfið
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla). Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla og er með úthlutað hlutverk í þeim.

8. Innra mat

Starfsmannafundir eru að minnsta kosti einu sinni í mánuði þar sem m.a. dagskrá er skipulögð og farið yfir einstök mál er varða starfið. Fáum upplýsingar frá R&G um skólann og hverfið sem við störfum í. Í lok vaktar er ávallt rýnt í kvöldopnun eða viðburð. Farið er yfir hvað betur má fara og hvað gengur vel. Nemendaráð Igló er einnig reglulega spurt hvað megi betrumbæta í starfinu. Venjan er á seinni hluta starfsárs að unglingarnir taki könnun um starf vetrarins. Farið er yfir niðurstöðurnar á starfsmannafundi og unnið úr þeim fyrir næsta ár.

9. Símenntun

Starfsmannafræðslur sem allt starfsfólk félagsmiðstöðva mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Símenntunaráætlun 2021-2022

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni
Að vera starfsmaður í félagsmiðstöð	1.og 3.september	Leiðtogar, fyrirmynd og gleði í frístundastarfi/Hinsegin /Kynsegin fræðsla
Skyndihjálp	20. september	Skyndihjálp, áhersla á ungt fólk og viðbrögð við kvíða og annarri vanlíðan.
Klám og „sexting“	1.nóvember	Umfjöllun um stafrænt kynferðisofbeldi og umfang kynferðislegra myndsendinga meðal barna.
Lærdómsfundur	2.febrúar	Kynning á BA verkefnum starfsmanna félagsmiðstöðva, verkefnum sem hafa fengið tilnefningu í Kópinn, Forvarnarsjóð Kópavogs og Hvatningaverðlaun Samfés
Skipulagsdagur hlutastarfsmanna	4.maí	Hlutastarfsmenn félagsmiðstöðva koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við deildarstjóra frístundadeildar.


Fræðsluáætlun félagsmiðstöðva í Kópavogi

Fræðsluerindi	Mánuður
Orkudrykkir	september
Sexting /Hinsegin fræðsla	október
Unglingar gegn ofbeldi	nóvember
Örugg Saman	janúar

Fjölbreytnin auðgar (vinna með fjölmenningu í starfi félagsmiðstöðva)	janúar – febrúar
Jafningjafræðsla Velkomin	janúar-febrúar

10. Fjöldatölur 2020-2021

Fjöldatölur félagsmiðstöðvarinnar eru teknar saman í hverjum mánuði og sendar deildarstjóra. Hér má sjá fjöldatölur frá ágúst 2020 til júlí 2021:



11. Starfsfólk

Sigurður Pálmarsson - forstöðumaður
 Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir - frístundaleiðbeinandi
 Hugi Leifsson Bachmann – frístundaleiðbeinandi
 Ragnhildur Björk Ingvarsdóttir - frístundaleiðbeinandi